

Ed.

163. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 91 23. júní 1932, um varnir gegn kynsjúkdómum.

Flm.: Jónas Jónsson.

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist svo hljóðandi málsgrein:

Lögreglustjóranum í Reykjavík er heimilt að ákveða, að aðgangur að bryggjum Reykjavíkurhafnar skuli óheimill kvenmönnum frá kl. 8 síðdegis til kl. 8 árdegis, nema þeim, sem eiga þangað brýnt erindi.

2. gr.

3. mgr. 18. gr. laganna orðist svo:

Brot á ákvæðum 2. mgr. 2. gr., 10. og 14. gr. varða sektum, allt að 200 krónum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt ósk forsætisráðherra.

Lögreglan í Reykjavík hefir nú hafið öfluga starfsemi til að bæta ástandið við höfnina í Reykjavík. Við þá athugun hefir komið í ljós, að mikill kynsjúkdómafaraldur gengur nú um bæinn, og er uppsprettan vitanlega við höfnina. Er mörgum bæjarmönnum enn í minni vansæmd sú, þegar útlendir sjómenn köstuðu unglings-
telpum dauðadrukknnum í land úr skipi sínu í fyrravor eftir áflog og ryskingar. Nú í vetur verður lögreglan hvað eftir annað að sækja kvenfólk úr landi út í erlend skip á höfninni. Dykir lögreglustjóra mikil nauðsyn til bera að geta haldið þessum ófarnaði í skefjum með því að banna óviðkomandi og tortryggilegu kvenfólki aðgang að höfninni um kvöldtíma og nætur.

Hirðuleysi það, sem ríkir við höfnina, hefir vakið undrun og eftirtekt allra sæmilegra manna, sem til þekkja. Með samþykkt þessa frv. gerir Alþingi sitt til að bæta úr vanrækslu, sem hefir orðið höfuðborg landsins og þar með öllu landinu til varanlegrar smánar.